

Ástin á tímum gullæðisins

Það er jafnan töfrum líkast að ganga inn í sagnaheim Isabel Allende. Nýjasta bók hennar, Dóttir gæfunnar, er engin undantekning þar á. Þetta er söguleg skáldsaga sem gerist í Chile og í Bandaríkjunum um miðja nítjándu öld. Í sögunni er fléttað er saman sagnfræði, skáldskap og ólíkri siðmenningu af mikilli list. Fjallað er um chileanska þjóðarsál, trúarbrögð, stéttaskiptingu og föðurlandsást í gegnum aðalpersónu sögunnar, Elísu Sommers sem elst upp eins og hvít yfirstéttarstúlka. Þegar hinn dularfulli Joaquín Andieta verður á vegi Elísu grípur ástin hana hjartökum og hún heldur af stað sem laumufarþegi til Kaliforníu í leit að honum en þangað fór hann til að freista gæfunnar. Þar geisar gullæðið og um leið er ný þjóð og menning að verða til. Þúsundir gullgrafara halda ótrauðir inn í land Indíána og Mexíkana með haka, sigti og skammybyssu í leit að skjótfengnum gróða. Þorp og borgir spretta upp, vændishús og spilavíti blómstra og þeir sem verða auðkýfingar að morgni eru beiningamenn að kvöldi. Kynþáttahatrið ólgar og Kanarnir þykjast hafnir yfir aðra, þeir hrifsa land frumbyggjanna og aftökur án dóms og laga verða daglegir viðburðir. Í allri ringulreiðinni reynist erfitt að hafa upp á Joaquín, allra síst er einmana kona óhult í ofbeldisfullri karlmannaveröld. Elísa dulbýst sem drengur og lendir í hverju ævintýrinu á fætur öðru í leit sinni að ástinni.

Fjölmargar persónur spretta fram ljóslifandi og hver þeirra á sína sögu, tregafulla eða ljúfa eftir atvikum. Sögufólkið er af ólíku bergi brotið en tengist hvert öðru þegar fingerðir þræðir sögunnar koma saman. Sommers-systkinin tilheyra nýríkri, enskri borgarastétt í Chile sem sötrar te undir sólhlíf og borgar innfæddum verkamönnum lúsarlaun. Tilfinningar systkinanna eru bældar, þráin vængstýfð og leyndarmálin ótalmörg. Vinur þeirra og bjargvættur Elísu, Kínverjinn Tao Chi'en, er önnur aðalpersóna bókarinnar. Hann aðlagast vestrænum siðum og er þar af leiðandi hvorki viðurkenndur af Könunum né samlöndum sínum. Hann er tilfinningaræmur og blíður og milli hans og Elísu þróast sérstakt samband traustar vináttu. Allar eru aukapersónurnar litríkar og eftirminnilegar, t.d. Jakob Todd, falstrúboði og æsifréttamaður, og Pálína Rodriguez de Santa Cruz sem fer ótroðnar slóðir til að græða á gullæðinu. Í bókinni er að finna frábæra blöndu af vel gerðum persónum, skemmtilegum söguþræði og lifandi þjóðlíflýsingum, kryddaða með draumum, fyrirboðum, sýnum og draugum að hætti Allende. Sagan er afbragðs vel skrifuð og þýðing Kolbrúnar Sveinsdóttur alveg fyrirtak.

Dóttir gæfunnar er viðburðarík skáldsaga með ferskri sögusýn á tilurð Bandaríkjanna - einskonar saga þjóðar. Um leið er stöðu kvenna í ólíkum menningarheimum á nítjándu öld gerð ný og góð skil ásamt því að fjallað er á trúverðugan hátt um misrétti og kynþáttafordóma. Ástin er eina mótefnið gegn þjáningum heimsins segir á einum stað í bókinni en hún getur líka verið uppspretta þjáninganna. Hvort Elísa finnur ástina skal ósagt látið hér en það er ljúft að taka þátt í leitinni.

Isabel Allende
Dóttir gæfunnar
Kolbrún Sveinsdóttir þýddi
Mál og menning 2000

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir